



Varðar: Hallgerðargata 13 – erindi frá byggingarfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. september 2023 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. september 2023 þar sem sótt er um leyfi til að setja skilti á lóð nr. 13 við Hallgerðargötu.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Breytt deiliskipulag, samþykkt 21. ágúst 2019



Götumynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Hallgerðargötu 13 borgarhluta 4 Laugardal og er á skilgreindu miðsvæði M6b.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 9. október 1990 með síðari breytingum.

Umsögn

Hallgerðargata 13 er skrifstofubygging á viðskipta- og þjónustulóð, byggt árið 2022. Óskað er álits skipulagsfulltrúa á um leyfi fyrir þjónustuskilti á lóð sem er 1,5 m á breidd x 4,0 m á sídd.

Á svæði M6b er er einkum gert ráð fyrir skrifstofum á sviði fjármála, ráðgjafar og stjórnarsýslu. Stofnanir og þjónusta tengd þessari starfsemi, s.s. hótél, veitingastarfsemi og sérhæfð þjónusta, er heimil. Íbúðir eru heimilar á þessum svæðum, einkum á efri hæðum bygginga.

Í deiliskipulagi kemur fram að ekki er heimilt að setja upp skilti sem eru truflandi vegna stærðar, lýsingar eða ásýndar fyrir íbúðarbyggð, sbr. eftirfarandi:

Skilti

Óheimilt er innan svæðis að vera með skilti sem eru truflandi vegna stærðar, lýsingar eða ásýndar fyrir íbúðarbyggð.

Í *Samþykkt um skilti* sem öðlaðist gildi 11. maí 2020 kemur fram að á miðsvæðum er heimilt að setja upp frístandandi þjónustuskilti sem auglýsir þjónustu verslunar eða fyrirtækis innan lóðar viðkomandi rekstraraðila. Hámarksstærð skiltis er 4m². Auglýsingar eru ekki heimilar á þessum skiltum og eins eru starfræn skilti ekki heimil.

Ekki er talið að umrætt skilti muni vera truflandi fyrir íbúa, lóðin er viðskipta- og þjónustulóð og því ekki óeðlilegt að skilti sé staðsett á henni. Í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. júní 2023 vegna skiltis á lóðinni var gefin neikvæð umsögn þar sem skiltið var of stór. Nú hefur verið komið til móts við þær athugasemdir og skiltið minnkað niður í 4,0 m². Því er fallist á erindið.

Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við þjónustuskilti á lóðinni sbr. umsögn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri